



HLK1B02 – Hljóð II

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennari:

Curver Thoroddsen

Netfang:

curver.thoroddsen@borgo.is

Lýsing

Áfanginn er seinni áfanginn af tveimur stuttum hljóðvinnsluáföngum sem eru ætlaðir sem inngangs- og þjálfunaráfangar á fyrsta ári í kvikmyndagerð.

Í þessum stutta áfanga er ekki farið djúpt í tækniútskýringar, hljóðeðlisfræði eða faghugtök heldur mun stærri fimm eininga áfangi á öðru ári fjalla ýtarlegra um það sem liggur að baki góðrar hljóðvinnslu og listrænni nálgun í hljóðhönnun.

Þessi þjálfunaráfangi er í anda „lært með að gera“ hugmyndafræði John Dewey og er því byggður upp á stuttum og fjölbreyttum æfingum til að gefa nemendum reynslu og „verkfæri“ til að bæta hljóðið í kvikmyndum sínum til muna.

Hluti af áfanganum er hugsaður sem einskonar stuðningsflötur í hljóðvinnslu tveggja kvikmyndaáfanga sem eru í gangi á sama tíma, **Kvikmyndagerð II** og **Hreyfigrafík 2**.

Þekking, leikni og hæfni

ÞEKKING - Nemandi skal hafa öðlast þekkingu, færni og skilning á:

- hve hljóð er mikilvægur þáttur í kvikmyndagerð
- hvað telst gott hljóð í kvikmyndagerð og hvernig sé hægt að ná því fram
- helstu og mikilvægustu hugtök hljóðvinnslu
- hvernig mismunandi notkun hljóðs hefur áhrif á frásögn kvikmynda
- samspili hljóðs og myndar í hreyfimyndagerð

LEIKNI - Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota hljóðnema, ýmiskonar upptökutæki og hljóðmöguleika kvikmyndavéla
- vinna með hljóð í vídeóklippiforriti (Adobe Premiere)
- nota og ná í hljóðbúta af hljóðveitum eins og freesound.org, soundbible.com o.fl.
- tengja hljóð og mynd
- skapa sína eigin tónlistar með Garageband og Apple Loops
- hanna hljóðrás við hreyfimyndir
- vinna á sjálfstæðan, ábyrgan og skapandi hátt undir leiðsögn

HÆFNI - Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka upp og vinna með hljóð í kvikmynd svo að það sé á ásættanlegum gæðastandard.
- nota hljóðhönnun og áhrifshljóð til að ýta undir og styrkja frásögn myndarinnar.
- tengja saman hljóðheim og myndmál svo úr verði áhrifarík heild.
- ganga frá hljóðrás kvikmyndar þannig að hún standist gæðakröfur samtímans.



Námsmat:

- 10% Virkni, viðvera og vinnubrögð (símat yfir önnina)
- 5% Verkefni 1: Upprifjun 1a
- 5% Verkefni 2: Upprifjun 1b
- 15% Verkefni 3: Upprifjun 2 (hljóðsetning)
- 5% Verkefni 4: Upprifjun 3 (tal + reverb)
- 10% Verkefni 5: Ruglverk með random hljóðum – tengt áfanganum í Hreyfigrafík
- 10% Verkefni 6: Hljóðrás fyrir After Effects mynd – tengt áfanganum í Hreyfigrafík
- 15% Verkefni 7: EQ-æfing (Sódóma Reykjavík)
- 15% Verkefni 8: Hreinsun á hljóðrás (Sjón flytur ljóð í Stundinni okkar)
- 10% Verkefni 9: Hljóðsetning á stiklu (trailer)

100% SAMTALS

Námsgögn:

Mikilvægt er að **nemendur mæti með sín eigin heyrnartól** svo þeir geti unnið í kennslustundum. Innlagnir kennarans eru í kennslustundunum því er mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma enda er aðallega um verklega kennslu að ræða auk þjálfunar í notkun á tækjakosti skólans.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Skólasókn: Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og mæta stundvíslega til kennslu.

Seinkomur og fjarvistir: Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

Lágmarkseinkunn í áfanganum er 5.

Farsímar: Ekki er leyfilegt að nota eða hafa farsíma/spjaldtölvur uppi við í kennslustundum nema með leyfi.

Nota heyrnartól og virða vinnufrið samnemanda.

Neysla matar í kennslustofunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vatn í lokuðum ílátum.

Verkefnaskil: Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma.

Umgengni: Nemendur eru ábyrgir fyrir að skilja við kennslustofuna í sama ástandi og hún var þegar kennslustundin hófst.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	---	
2	9.-13. janúar	---	
3	16.-20. janúar	---	
4	23.-27. janúar	Fyrsti tíminn af þetta er 2. eininga áfangi (stubbaáfangi)	
5	30. jan- 3. febrúar	Verkefni 1: Upprifjun 1a	5%
6	6.-10. febrúar	Verkefni 2: Upprifjun 1b	5% Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Verkefni 3: Upprifjun 2 (hljóðsetning)	15% Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	---	Vorannahlé
9	27. febrúar- 3. mars	Verkefni 4: Upprifjun 3 (tal + reverb)	5%
10	6.-10. mars	Verkefni 5: Ruglverk með random hljóðum	
11	13.-17. mars	Verkefni 5: Ruglverk með random hljóðum	10%
12	20.-24. mars	Verkefni 6: Hljóðrás fyrir After Effects mynd	
13	27.-31. mars	Verkefni 6: Hljóðrás fyrir After Effects mynd	10% Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	---	
16	17.-21. apríl	Verkefni 7: EQ-æfing (Sódóma Reykjavík)	15% Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Verkefni 8: Hreinsun á hljóðrás (Sjón flytur ljóð í Stundinni okkar)	15% Vörðuvika II
18	1.-5. maí	---	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Verkefni 9: Hljóðsetning á stiklu (trailer)	
20	15.-16. maí	Verkefni 9: Hljóðsetning á stiklu (trailer)	10% Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.